

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2014

4. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Nemendur á námskeiðinu „Íslenska og samfélag“ í Gerðubergi. Í íslenskuþorpinu gefst innflytjendum kostur á nýstárlegri íslenskukennslu í Gerðubergi í samskiptum á íslensku fyrir útlendinga. Sjá frétt á bls. 3.
Mynd: Cristinel Cornelpaun.



Sveinsbakari
Hólagarði og
Arnabakka

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTAÐU
Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Opið allan sólarhringinn!
OPIÐ 24 TÍM
Iceland

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á landsbankinn.is/istuttumali

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Fjallalamb Lambalæri Frosið

Verð áður 1.798 kr./kg.

Verð núna 998 kr./kg.

Fjallalamb Lambahryggur Frosin

Verð áður 2.298 kr./kg

Verð núna 1.998 kr./kg.

Lambafillé með fitu

Verð áður 4.689 kr./kg.

Verð núna 3998 kr./kg.

Fjallalamb grillkjöt

20 % afsláttur við kassa

Páska tilboð

Svínaþakki

Verð áður 1.898 kr./kg.

Verð núna 1.498 kr./kg.



Heill Kjúklingur

Verð áður 1.149 kr./kg.

Verð núna 898 kr./kg.

Daimkrans

Verð áður 1.498 kr.

Verð núna 998 kr.

Emmessís Jarðaberja Ísblóm

Verð áður 659 kr.

Verð núna 449 kr.

Fersk jarðarber

198 kr.-

Freyju Ríspáskaegg nr 4.

Verð áður 1.474 kr.

Verð núna 698 kr.

Coca Cola 4 Pack

Verð áður 1.256 kr.

Verð núna 998 kr.

Þín verzlun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Umhverfisvænir Breiðhyllingar

Breiðhyllingar eru upp til hópa umhverfisvænt fólk. Fólk sem hefur áhuga á umhverfi sínu. Fólk sem vill nokkuð vinna til þess að fegra það og bæta og er á vaktinni gagnvart borgaryfirvöldum um nauðsynlegar og hugsanlegar umbætur. Þetta kemur vel fram í vali Breiðholsbúa í kosningum um betri hverfi 2014 í Reykjavík. Gróðursetning, bætt lýsing og betri hirðing á rusli voru á meðal þess sem Breiðhyllingar völdu í kosningunum. Þetta sýnir svo ekki verður um villst eignlægan áhuga á því sem næst er og fyrir augun ber á degi hverjum. Íbúasamtökin Betra Breiðholt hafa einnig haft umhverfismál á stefnuskrá sinni allt frá þau voru stofnuð. Þótt Betra Breiðholt hafi sinnt ýmsum hverfismálum og knúði á um umbætur hafa umhverfismálin aldrei verið langt undan.

Þegar farið er um Breiðholtið kemur áhuginn á umhverfinu hvarvetna fram. Margir íbúar hafa sýnt nánasta umhverfi sínu mikinn sóma og má benda á margar vel gerðar lóðir og mikinn gróður víða í hverfinu. Nokkuð hefur þó í gegnum árin skort á að almenningsskipti hafi fengið þá umhirðu sem það á skilið og íbúarnir kjósa í næsta umhverfi sínu. Fyrir nokkrum árum tók ungt fólk sig til og sýndi fram á hvar ekki væri nægilega vel að verki staðið og fór í tiltektaherför. Hvort hún hafi haft áhrif skal ekki um sagt að þessu sinni en áhuginn á bættu umhverfi og bættu umgengni er fyrir hendi.

Ef benda skal á staði þar sem taka mætti til hendi má nefna brekkuna á milli Efra og Neðra Breiðholts og einnig Austurbergið. Á þessum vettvangi hefur áður verið bent á nauðsyn þess að planta trjám meðfram þessari fjölförnu götu sem er raunveruleg miðbæjargata Efra Breiðholts þegar litið er til þeirra mörgu stofnana sem þar starfa. Trjágöng á milli götu og bílastæða myndu gerbreyta útliti og allri ásýnd götunnar til mikils batnaðar. Breiðholtsblaðið hvetur Breiðhyllinga til þess að bogna hvergi í baráttunni fyrir bættu umhverfi. Þar hafa þeir allt að vinna en engu að tapa.

Miklar breytingar á efri hæð Gerðubergs

Miklar endurbætur verða unnar á húsnæði Gerðubergs á komandi sumri. Breytingar verða gerðar á efri hæð hússins og eru helstu breytingar þær að opnað verður frá kaffihúsi inn í bókasafnið og inn í sýningarrými í vesturálmum. Þá verður núverandi eldhúsaðstöðu breytt í kaffi- og fundarstöðu, en eldhús og afgreiðsla flutt nær anddyri hússins. Tækifærið verður einnig notað til að bæta lýsingu og hljóðvist í kaffihúsi. Með þessu gerbreyttist öll aðstaða til veitingareksturs sem er órjúfanlegur hluti starfseminnar og þjónar fjölbreyttum hópi gesta, sem sækja lista- og menningardagskrá, þjónustu bókasafnsins eða félagslega afþreyingu og þjónustu. Heildarföldi gesta árið 2012 var rúmlega 258 þúsund.

Breytingarnar fela m.a. í sér að allt rými verður opnara og koma einfaldir glerveggir í stað veggja meðal annars í kringum stiga í anddyri. Þetta opnar og eflir tengsl þeirrar starfsemi sem fram fer í húsinu hvort sem það er í sýningarsölum, bókasafni eða í kaffihúsi. Í kynningu á breytingunum fyrir borgarráði segir að unnið sé að úttekt á tækifærum í samruna Borgarbókasafns Reykjavíkur og menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Styrkja á framtíðarhlutverk almenningsbókasafna sem menningarmiðja



Tölvuteikning af fyrirhuguðum breytingum í Gerðubergi.

í hverfum borgarinnar með áherslu á fjölbreytta dagskrá árið um kring. Vilji er til að bókmenntum og bókmenningu verði gert sérstaklega hátt undir höfði með viðburðum t.d. í samvinnu við Bókmenntaborgina og aðila sem henni tengjast. Gerðuberg er alhliða menningar- og mannlífsmiðstöð í Breiðholti og með breytingunum verður auðveldara að samhæfa starfsemina í húsinu og styrkja rekstrargrundvöll hennar. Breytingarnar eiga að bæta nýtingu á húsnæði, auka flæði milli bókasafns, veitinga- og sýninga- og

fundarsala. Ásýnd hússins verður nútímalegri og fallettri, segir í greinargerð með breytingunum og aðstaða veitingaþjónustu batnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur félagsstarf í húsinu og hafa eldri borgarar og íbúar Fagrbergis beinan aðgang að Gerðubergi um sólskála sem tengir byggingar saman. Markmið er að eldri borgarar eigi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem menningarmiðstöð Gerðubergs býður uppá. Framkvæmdir verða boðnar út fljótlega og mun ljúka í september.

Iceland opnar í Breiðholti

Nýlega opnaði Iceland-verslunarkerðjan nýja verslun í Vesturbergi í Breiðholti á sama stað og Straumnes var á árum áður. Þetta er önnur verslunin sem Iceland opnar en fyrsta verslunin er við Engjahjalla í Kópavogi. Einnig er fyrirhugað að opna Iceland verslun við Arnarbakkann í Neðra Breiðholti en verslun 10 – 11 hefur verið lokað.

Vífill Ingimarsson rekstrar- og innkaupastjóri sagði í samtali við Breiðholtsblaðið að Iceland sé að koma inn á gömlu verslanakjarnana í Breiðholti. Engin verslun hafi verið við Vesturbergið að

undanförnu og Iceland komi í stað 10 11. Ekki er búið að ákveðna nákvæmlega hvenær verslunin við Arnarbakka verði opnuð en það verður fljótlega. Verslunin við Vesturberg er í rúmgöðu húsnæði eða rúmlega 500 fermetrum. Verslunarpláss-ið við Arnarbakkann verður aðeins minna eða um 450 fermetrar. Þetta er sú stærð af verslunum sem forráðamenn Iceland horfa til og segir Vífill Breiðholtið spennandi kost. Opnunin í Vesturbergi hafi gengið mjög vel og menn bíði spennir eftir að geta hafist handa í Neðra Breiðholti.

www.breiðholt.is

VT FASTEIGNIR ER FASTEIGNASALAN ÞÍN

Hafðu samband í síma 537-9988

Höfum á skrá ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignaflokkum:

Sérbyli, verðmæti allt að kr. 50 milljónir.

2ja til 4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla-, Fella- og Seljahverfi, verðmæti allt að kr. 25 milljónir.

Finum fyrir mikilli eftirspurn eftir 4ra herbergja íbúðum í Seljahverfi.

Við erum búsett í hverfinu og þekkjum það vel.



Guðrún A. Aðalheiðard.
Sölufulltrúi
Sími 861 8046
gudrun@vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
Sími 820 6797
kristinn@vtfasteignir.is



Viðskiptatengsl eru okkar far

Foreldrar styðja vinaliði í Hólabrekkuskóla

Hólabrekkuskóli er að byrja með verkefni sem heitir Vinaliðar. Af því tilefni var haldið leikjanámskeið fyrir þá nemendur sem eru vinaliðar og einnig fyrir kennara skólans. Aðalmarkmiðið með Vinaliðaverkefninu er að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum, þannig að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað við sitt hæfi. Markmið skólans er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn, alla daga. Hólabrekkuskóli er fyrsti skólinn í Reykjavík sem tekur Vinaliða-verkefnið upp. Aðalmarkmiðið með Vinaliðaverkefninu er að bjóða öllum nemendum fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum, þannig að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað við sitt hæfi.

Foreldrafélag Hólabrekkuskóla er styrktaraðili verkefnisins og mun sjá til þess að endurnýja og bæta við dótið eftir þörfum. Á dögnum afhentu fulltrúar Foreldrafélagsins nemendum og kennurum dót að upphæð 150 þúsund krónur sem mun nýttast börnunum vel í frímínútum. Meðal þess sem keypt var var 60 vesti í fjórum litum til að skipta krökkunum í lið, 20 keilur í tveimur litum til að afmarka leiksvæði. Alls konar boltar, handboltar, fót-boltar, körfuboltar, brenniboltar og bandíboltar og ýmislegt fleira. Í frétt frá Hólabrekkuskóla segir

m.a. að Skólalóðin og frímínúturnar eru, því miður, samkvæmt eineltisrannsóknunum helsti vettvangur fyrir einelti. Vinaliðaverkefnið er ekki eineltisáætlun heldur stuðningsverkefni við eineltisáætlun skólans og er hugmyndafræðin sú að þar sem boðið er upp á skipulagt starf, fái gerendur eineltis aðra hluti til að hugsa um. Aðgerðarleysi er nefnilega oft rötin að slæmum hlutum. Aðalmarkmiðið með þessu verkefni er að

bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum, þannig að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað við sitt hæfi. Markmið okkar er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn, alla daga. Hólabrekkuskóli er fyrsti skólinn í Reykjavík sem tekur vinaliðaverkefnið upp. Við erum mjög stolt af því og spennt að sjá það í framkvæmd. Arskóli á Sauðárkróki var fyrsti skólinn til



Fulltrúar foreldrafélagsins afhentu börnum og kennurum skólans gjafirnar á dögnum og var myndin tekin við það tækifæri.

að byrja með verkefnið á Íslandi og njótum við handleiðslu og stuðning þeirra á meðan við stígum fyrstu skrefin.

Íslenskuþorpið í Breiðholti

Í mars 2014 hóf Íslenskuþorpið sem er kennsluverkefni á vegum Háskóla Íslands, innreið sína í Breiðholtið með þátttöku í menntaverkefninu „Menntun núna“.

Með Íslenskuþorpinu gefst innflytjendum kostur á nýstárlegri íslenskukennslu í Gerðubergi í samskiptum á íslensku fyrir útlendinga. Íslenskuþorpinu er ætlað að svara brýnni þörf erlendra nemenda og innflytjenda hér á landi til að æfa sig í íslensku með innfæddum á skemmtilegan hátt. Um leið og nemendur sinna daglegum erindum sínum og viðskiptum í Íslenskuþorpinu vinna þeir verkefni sem styðja við íslenskunámið.

Íslenskuþorpið hefur fengið til liðs við sig nokkur fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti sem taka á móti nemendum og afgreiða á íslensku, þau eru: Bónus, Sjávarhöllin, 4Dot, Sveinsbakarí, Nana, Leiksport og Apótekið sem eru öll í Hólagarði, Hagabakarí, Söluturninn Hraunberg, félagsmiðstöðin í Gerðubergi, Menningarmiðstöðin í Gerðubergi, Breiðholtslaug og Borgarbókasafnið í Gerðubergi. Starfsfólk þessara fyrirtækja er þátttakendur í verkefninu og meðvitað um ákveðnar grunnreglur í samskiptunum eins og að tala íslensku, sýna þolinmæði og leyfa nemendum að taka samtalið upp ef þeir óska.

Prófaðu ljúffenga kæfu á brauðið



www.ora.is



Við erum á Facebook

VIÐTALIÐ

Engin skömm að hafa gaman af því sem maður gerir

Sigurður Björn Blöndal leiðir framboð Bjartrar framtíðar við komandi borgarstjórnarkosningar í Reykjavík. Björn eða S. Björn Blöndal eins og hann kallar sig gjarnan tók þátt í framboði Besta flokksins fyrir bráðum fjórum árum. Var á lista flokksins en gerðist síðan aðstoðarmaður Jóns Gnarr borgarstjóra og hefur starfað við hlíf hans sem slíkur það kjörtímabil sem nú er að líða. Björn hefur ekki tranað sér fram í starfi aðstoðarmannsins en verið maðurinn á bak við tjöldin, sinnt sínu starfi frá degi til dags og þannig kynnst bæði innviðum borgarkerfisins og einnig þeim málum sem unnið hefur verið að hverju sinni.

Björn er fæddur í Reykjavík en ólst upp á Hallormsstað í Skógu til átta ára aldurs en flutti þá með fjölskyldu sinni til Hafnarfjarðar þar sem hann óx upp til fullorðinsára. Foreldrar hans eru Guðrún Sigurðardóttir og Sigurður Blöndal sem lengi var Skógræktarstjóri ríkisins. Sambyliskona Sigurðar Björns er Sigurbjörg Gylfadóttir menntaskólakennari og eiga þau tvo syni, Odd og Gylfa og býr fjölskyldan við Brekkustíg í gamla Vesturbænum í Reykjavík. Björn segist lengst af hafa fylgst með stjórnmálum af hliðarlínunni. „Faðir minn var virkur í stjórnmálum og varaþingmaður um tíma. Ég hafði ekki hugsað mér að gera stjórnmálaþátttöku að ævistarfi og fékkst við ýmis störf í gegnum tíðina. Ég hef unnið við eitt og annað. Verið verslunarmaður, tónlistarmaður, blaðamaður, verkamaður og sjómaður. Einnig sérfræðingur, kvikmyndagerðamaður, markaðsstjóri, framkvæmdastjóri prentsmíðu, rútubílstjóri, ruslahreinsunarmaður og líklega einthvað fleira. Það sem mér finnst mikilvægast í lífinu er að hafa gaman af því sem ég er að gera hverju sinni.“

Laugardalslaugin er mín laug

Björn var inntur frekar eftir æsku sinni og lífshlaupi áður en Besti flokkurinn kom til og þar koma Fljótshálfshérað og síðan Hafnarfjörður fyrst við sögu. „Ég bjó fyrstu átta árin á Hallormsstað þar sem faðir minn starfaði sem skógarvörður. Þá tók hann við starfi skógræktarstjóra og við fluttum suður nánar tiltekið til Hafnarfjarðar þar sem ég ólst síðan upp. Ég hef líka sterkar rætur til Teiganna í Reykjavík. Var oft hjá ömmu minni sem bjó þar og enn þann í dag fer ég að synda í Laugardalslauginni. Hún er mín laug.“

Björn segir að gott hafi verið að alast upp í Hafnarfirði. „Ég hafði það gott og þetta umhverfi fullnægði þörfum mínum. Það var ekki fyrr en að ég komst á unglingsár að höfuðborgin fór að draga mig til sín. Smá saman fór stærri og stærri hluti af lífi mínu að tengjast borginni og ég fór fram og aftur með Landleiðum og stundum bara á puttanum. Húkað mér far. Pabbi var líka að vinna á Ránargötunni þar



Sigurður Björn Blöndal leiðir framboð Bjartrar framtíðar við komandi borgarstjórnarkosningar í Reykjavík.

sem skógræktin var til húsa og ég kynntist þannig miðbænum og gamla Vesturbænum.“

Íþróttaverlinum lauk skyndilega

Björn segir lífið hafa verið hefðbundið alla vega framan af. „Ég stundaði íþróttir eins og krakkar og unglingar gera og einnig tónlistarnám. Ég lærði á gítar. Íþróttamannsferlinum lauk þó nokkuð skyndilega um 12 ára aldurinn. Ég var á leið austur í Skaftafell með fjölskyldunni. Ég skaut niður á völl til að spila handbolta og skaut svo kröftuglega að handleggurinn hrökk í sundur. Þetta varð til þess að ferðaáætlun fjölskyldunnar breyttist því ég þurfti að komast undir læknishendur til þess að búa um beinbrotið. Eftir þetta snéri ég mér alfarið að tónlistinni.“

Hann segir að þetta hafi verið á þeim árum sem þónkið var að líða undir lok og nýbylgjan að koma sem ný tónlistarstefna. „Tónlistin var nokkuð hrá og hljómsveitarnöfnin eftir því. Þegar ég var 13 ára stofnuðum við nokkrir strákar hljómsveit sem hét Heilaskemmdir. Nafngiftin var í takt við tíðarandann í tónlistinni. Þetta var eftir Rokk í Reykjavík og gerjun í gangi í tónlistarlífinu og nýjar hljómsveitir komu fram. Þessir hljómsveitir komu fram og sumir dattu fljótlega af vagninum. Í Hafnarfirði fórum við að spila á skólabböllum, í Lækjarskóla og svo seinna á allskonar viðburðum í Flensborg. Flensborg og lönskólinn í Hafnarfirði voru hinir eiginlegu áfangastaðir ungmennanna eftir grunnskóla. Einstaka krakki fór þó inn í Reykjavík, í

MR, MH eða Versló en það var ekki algengt.“

Hljómsveitir sem ruddu brautina

Björn rifjar upp kynni sín af ungunum mönnum á þessum tíma. Kynnum sem áttu eftir að reynast afdrifarík síðar á lífsleiðinni. „Á þessum árum kynntist ég miklum heiðursmönnum. Óttarrí Proppé og Jóni Gnarr. Frændunum Þorgeiri Guðmundssyni kvikmyndagerðarmanni og Sigurjóni Kjartanssonyni kynntist ég svo í girðingavinnu hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við Sigurjón, Óttarr og fleiri stofnuðum síðar hljómsveitina HAM. Við vorum 18 og 19 ára og mest allt vit okkar fór í þessa hljómsveit næstu árin. Þá hófst bæði skrautlegur og skemmtilegur tími. Um svipað leyti fluttu foreldrar mínir aftur austur á Hallormsstað þegar faðir minn hætti í starfi skógræktarstjóra og fór á eftirlaun. Ég flutti í Kópavoginn og við strákarnir í HAM vorum allir í fullri vinnu til þess að geta fjármagnað hljómsveitarævintýrið. Okkur fannst sjálfsagt að við ættum að ná árangri í útlöndum. Sykurmólunum hafði þá tekist að komast inn á erlendan markað sem Björk tók svo enn lengra eftir að hún fór að starfa sjálfstætt. Og okkur ungu mönnum í HAM fannst sjálfsagt að við gætum þetta líka. HAM hljómsveitir sem kenna má við Smekkleysutímabilið í plötuútgáfu ruddu að mínu mati brautina fyrir þá tónlistarskópun sem nú hefur náð að skjóta rötum og á góðu gengi að fagna erlendis. Þetta smitaðist áfram og allir voru að reyna. Þessi bransi tók miklum stakkaskiptum á árunum

1988 til 1994 og við vorum farnir að njóta ávaxtanna af því undir lokin. Við lögðum mikla vinnu í æfingar. Æfðum undir drep ef svo má segja og ég held að við höfum átt orðið góða innistæðu. Lokahnykkurinn var svo í Bandaríkjunum 1993. Okkur gekk að mörgu leiti vel en fundum líka fyrir því að mikið þyrfti að gera til þess að halda áfram. Menn verða líka að vera alveg samstíga til þess að geta farið þessa leið. Við komum heim um haustið. Ákváðum að þetta væri orðið fínt og létum leiðir skilja um sumarið 1994.“

Sjó- og blaðamennska eystra

Þarna varð millibilsástand í lífi viðmælanda okkar. „Foreldrar mínir voru fluttir austur og ég hélt austur á land. Kuningi minn sagði að það væri mikið upp úr því að hafa að fara á sjó. Ég fór niður á Eskifjörð og talaði við útgerðarstjórn hjá Alla ríka og var skráður um borð. Ég prófaði þetta en fann fljótlega að ekki væri eins mikið upp úr því að hafa eins og kunninginn hafði látið skína í. Mér fannst ég ekki fá borgað samkvæmt framlagi og fór aftur upp á land. Um haustið fór ég að vinna í grunnskólanum á Hallormsstað og fékk hin og þessi verkefni eystra. Ég gerðist fréttamaður við Austra blað framsóknarmanna á Austurlandi. Á þeim tíma var farið í samkrull við Dag Tímamann en þá höfðu þau blöð verið sameinuð í eitt og var með höfuðstöðvar á Akureyri. Ég varð fréttaritari þess á Austurlandi og sendi þeim nokkrar fréttir á viku af austurlandsbyggðarefni. Svo hitti ég Sigurbjörgu, konuna mína. Hún var úr Hafnarfirðinum og ég

þekkti hana lítilega þaðan. Hún var að kenna við Menntaskólann á Egilstöðum. Þessi gömlu kynni rifjuðust upp og við fórum að búa saman. Svo kom að því að við áttum von á barni og þá drifum við okkur suður og settumst að á Seljaveginum.“

Duttum svo í heim borgarmálanna

Þegar ég kom aftur í bæinn fór ég að vinna í hljómtækjageiranum. Ég og félagi minn opnuðum verslun rétt fyrir aldamótin 2000. Rekstrargrundvöllurinn var ekki nægilega góður en ég hélt áfram í þessu bransi í nokkur ár. Við Óttarr Proppé og Þorgeir Guðmundsson vorum líka með kvikmyndaverkefni. Við vorum að gera heimildamyndir og stuttmyndir og alltaf að þróa bíómyndir. Svo kom HAM saman aftur 2001. Eftir það fórum við að gæla við að gaman gæti verið að koma aftur saman og spila og árið 2005 fórum við af stað að nýju. Við höfum verið eins og saumaklúbbur síðan.“

Björn segir að finna megi upphafið að Besta flokknum innan HAM og Smekkleysu. Jón Gnarr tengdist Smekkleysu og var mikið með okkur. Sigurjón Kjartansson vildi fá hann til þess að lesa ljóð í upphafi tónleika þarna í byrjun. Menn höfðu ýmsar skoðanir á því. Þeir fóru svo að vinna saman með Tvíhófa og Fóstbræður í útvarpi. Svo lá leið Jóns í Vaktirnar þar sem hann túlkaði Bjarnfreðarson með eftirminnilegum hætti. Svo duttum við inn í þennan heim sem við höfum verið í síðustu fjögur árin. Heim borgarmálanna.“

Ánægjuleg og lærdómsrík ár

Björn segir þessi ár hafa bæði verið ánægjuleg og lærdómsrík. „Við náðum að koma inn með okkar hugarfarar og höfum reynt að nálgast öll verkefni á vegum borgarinnar á jákvæðan hátt. Starfsfólk borgarinnar tók okkur vel. Menningarsjokkið til að byrja með var fyrst og fremst að við vorum að hluta til farin að vinna með fólk sem var ekki að vinna með okkur heldur á móti, það er hinn pólitíski hluti starfsins. Hins vegar náðum við strax að byggja upp traust við starfsfólk borgarinnar og það hefur haldið áfram að aukast. Þessi pólitíski leikur sem jafnan er spunninn í borgarmálunum líkt og í þjóðmálunum og snýst meira um valdabaráttu en raunverulegan skoðanaágreining. Þessi með og á móti leikur getur verið skaðlegur vegna þess að hann getur heft nauðsynlega framþróun. En þrátt fyrir þessa hefð hefur okkur tekist að ná saman um mjög margt. Við erum flest nokkuð sammála hvert skuli stefna. Áherslunum er getur alltaf verið nokkur en meginmarkmiðin eru lík. En það er heldur ekkert eftirsóknarvert að allir séu eins. Tilhneigingin er að kalla eftir skörpum skilum en þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta bara fólk sem er að bjóða fram krafta sína en auðvita þurfa kjósendur að vita fyrir hvað það stendur.“

Við byggjum á ólíkum kúltúr

Björn segist oft vera spurður að því hver sé munurinn á milli Bjartrar framtíðar sem Besti flokkurinn er nú genginn til liðs við og Samfylkingarinnar. „Við erum samstíga í mörgum tilvikum en erum engu að síður ólíkir hópar með ólíkan bakgrunn og ólíkan kúltúr til að byggja á. Það er allt annað andrúmsloft innan okkar raða en hefðbundnu stjórnmálaflokkanna. Ég hef ekkert á móti þessum flokkum en engu að síður er staðreynd að sá hópur sem myndaði Besta flokkinn og er nú að starfa innan Bjartrar framtíðar hefði ekki gegnið til liðs við gömlu flokkana eða boðið sig fram á þeirra forsendum. Besti flokkurinn var ekki hefðbundinn stjórnmálaflokkur. Það mætti fremur flokka hann sem ákveðinn hugsunarhátt. Hugsun um að geta breytt hlutum til hins betra og hafa gaman af. Við vorum ekki hrædd við að viðurkenna að við vissum ekki allt. Við leituðum okkur ráðgjafar og vorum tilbúin til að hlusta. Með það að leiðarljósi tel ég að okkur hafi tekist að gera gagn í borgarstjórn. Ég er enn sama sinnis og mun reyna gera mitt besta. Ég held líka að ákveðin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað í borgarstjórninni. Við höfum opnað dyrnar fyrir fólk sem annars hefði ekki tekið þátt í borgarmálunum. Við höfum verið að breikka þátttökuhópinn og vinna að því að auka íbúalýðræðið. Ef vel gengur með framhaldið þá tel ég það geta haft áhrif til lengri tíma og þá er talsvert unnið.“

Reykjavík er minn staður

„Við Sigurbjörg höfum verið í Vesturbænum síðan við komum að austan,“ heldur Björn áfram.

„Við erum orðin vön umhverfinu og mannfólkinu og höfum töluverðar taugar til Vesturbæjarins. Reykjavík er minn staður og ég á erfitt með að máta mig inn í annað umhverfi. Ekki á Íslandi að minnsta kosti.“

Björn segir að Reykjavík hafi sinn sjarma nokkuð sem hann vilji ekki vera án. „Nú eru strákarnir okkar að stækka og við farin að búa nokkuð þröngt þannig að við erum farin að líta í kringum okkur eftir hentugra húsnæði. En förum ekki úr fyrir Reykjavík.“

Hugarfarsbreytingin kemur að utan

Björn segir að miðhluti Reykjavíkur hafi verið að vaxa. Miðja

borgarinnar hafi færst til á undanförnum árum. Laugardalurinn og Hlíðarnar séu orðin miðsvæðis í borginni. Svo hafi hjólréiðamenningin verið að breiðast út. Ég held að þetta tengist ákveðnum hugarfarsbreytingum sem eru að eiga sér stað og ef til vill að einhverju leyti kynslóðabili. Þetta hefur verið að stigmagnast undanfarin tíu ár. Einkabíllinn var upphaf og endir alls til þess að komast á milli staða. Bílum fjölgaði mikið á ákveðnu tímabili og umferðin þyngdist einkum á álagstímum. Nú er komin kynslóð sem skynjar kosti almenningssamanga og hjólréiða.“

Björn segir Besta flokkinn ekki hafa skapað þessa hugarfarsbreytingu. „Hún hefur þróast víða

um heim - bæði í Bandaríkjunum og Evrópu þar sem ungt fólk hefur verið að tileinka sér nýjan lífsstíl. Hreyfing og heilsuefning er orðin eðlilegur þáttur í lífi margra öðruvísi en áður var. Það sem við í Besta flokknum höfum verið að gera er að bregðast við þessari þróun og greiða fyrir henni meðal annars með aukinni fjölbreytni í samgöngum. Ég bý þannig að ég get labbað í vinnuna og geri það oftast. Ég nota Strætó líka til dæmis ef ég þarf úr ráðhúsinu inn á Höfðatorg þar sem stór hluti skrifstofuhalds borgarinnar er til húsa. Ég held að fleiri og fleiri verði sammála um gildi hreyfingar og fólk vill eiga þess kost að geta hreyft sig. Sem dæmi get ég nefnt að Háskóli Íslands hef-

ur markað sér samgöngustefnu og hefur tekið upp samgöngustyrki til starfsfólks. Það hefur meðal annars leitt til umtalsvert færri veikindadaga starfsfólks. Mér finnst samfélagsleg skylda að standa að baki þessarar þróunar. Auðvitað eru forréttindi að geta gengið í vinnuna á innanvið tíu mínútum. Umhverfið verður aldrei þannig að allir geti nýtt sér fætur og reiðhjól til þess að komast daglega leiða sinna. Er fólk á að geta nýtt sér þennan ferðamáta eins og það kys. Og þá kemur samfélagið til. Í okkar tilvik er borgin að greiða fyrir þessum umferðamáta og öðrum breytingum á lífsstíl fólks. Það er þjónusta sem bæjarfélög eiga að veita íbúnum.“

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza Sími: 557 1414

PÁSKAR Í HÓLAGARÐI



Persónuleg þjónusta.

Verslið í vinalegu umhverfi!



Raunfærnimat og kvöldskóli gera iðnnám að raunhæfum kosti fyrir fjölskyldufólk

Breiðhyltingurinn Valgeir Hannesson fór í gegnum raunfærnimat í málaraiðn á síðasta ári og í framhaldinu í kvöldskóla í Tækniskólanum þar sem hann stefnir að því að ljúka sveinsprófinu í vor.

Valgeir á eitt barn og annað er á leiðinni hjá honum og sambýliskonu hans. Ég heyrði í Valgeiri eða Valla málara og innti hann eftir reynslu hans af raunfærnimatinu.

Af hverju fórst þú í raunfærnimat í málaranum?

Ég var búin að starfa lengi í iðninni en hafði ekki gefið mér tíma til að ljúka náminu sökum anna.

Hver var þín reynsla?

Mín reynsla af raunfærnimatinu er mjög góð og það skilaði mér því að ég er að fara í sveinspróf í vor eftir aðeins tvær annir í kvöldskóla.

Nú var að fara af stað tilrauna- verkefnið „Menntun núna“ í Breiðholti þar sem sérstök áhersla er lögð á raunfærnimat og stuðning við Breiðhyltinga sem vilja taka upp þráðinn og ljúka iðnnámi. Hvað telur þú telja að gæti skipt sköpum til að auðvelda fólki að fara aftur í nám?

Raunfærnimatið stýtti námið umtalsvert fyrir mig og það skiptir miklu máli fyrir fjölskyldufólk



Valgeir Hannesson.

að geta lokið náminu í kvöldskóla með fullri vinnu.

Er ekki erfitt að vera í námi meðfram fullri vinnu?

Jú þetta er búið að vera ansi stíft, sérstaklega eftir áramót þá erum við búin að vera fjögur kvöld í viku en fyrir áramót aðeins tvö kvöld í viku.

Myndir þú mæla með raunfærnimatinu?

Já tvímælalaust, ég veit að það eru margir a.m.k. í minni stétt sem gætu stýtt leiðina að réttindum verulega með því að fara þessa leið.

SGK

Sextíu útskrifast frá Mími í Gerðubergi



Útskriftarhópurinn í Gerðubergi.

Sextíu nemendur útskrifuðust frá Mími símenntun í Gerðubergi þann 9. apríl síðastliðinn. Þar af voru tveir hópar sem voru að ljúka 300 kennslustunda námi í Grunnmenntaskóla sem er ein af elstu námsleiðunum hjá Mími og hefur gefið fólki góðan grunn til að byggja á í áframhaldandi námi í átt að stúdents- eða sveinsprófi.

Einn hópur var að ljúka náminu Þjónusta við ferðamenn og var það nám kennt á ensku til að innflytjendur gætu nýtt sér það. Þessir einstaklingar hafa nú fjárfest í þekkingu sem nýtist þeim til starfa eða starfsleitar í ferðapjónustugeiranum sem er sú atvinnugrein sem er hvað mest vaxandi á Íslandi í dag. Tveir hópar voru að ljúka svo kölluðum fagnámsskeiðum I og II sem er ætlað fólki sem starfar innan heilbrigðisþjónustunnar og gefur möguleika á að halda áfram og mennta sig sem félagsliða.

Aðspurð um hvers vegna Mímir hafi ákveðið að halda útskriftina í Gerðubergi þá sagði Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Mímis símenntunar að tengsl við Breiðholt vegna verkefnisins Menntun núna hefðu verið hvatinn af því. Töluverður hluti nemenda Mímis býr í Breiðholti og í Gerðubergi er mjög góð aðstaða til að halda útskriftir.

Mímir og Menntun núna í Gerðubergi

Mímir símenntun tekur þátt í verkefninu Menntun núna í Breiðholti en í dag eru tvær námsbrautir frá Mími í Gerðubergi. Annarsvegar „Íslenska og samfélag“ auk íslensku fyrir albanskan hóp en þar eru tveir kennarar en annar þeirra talar móðurmál nemenda.

Væntingar Huldu til „Menntun núna“ verkefnisins eru að það auki samstarf milli fræðsluaðila og verði til þess að hvetja fólk til að nýta tækifærin sem skapast til náms. Ekki síst er spennandi að þróa með öðrum kennsluaðferðir í íslensku fyrir útlendinga m.a. með því að virkja samfélagið til að tala íslensku við innflytjendur. Nú þegar er farið af stað verkefnið Íslenskuþorpið sem er hluti af íslenskunámskeiðum. Íslenskuþorpið gengur út á

að brúa bilið á milli þess að nota íslensku í kennslustofunni og úti í samfélaginu með þátttöku fyrir- tækja og markvissum æfingum og námsefni.

Mímir hefur unnið að því að tengja starfsþjálfun við námið í samstarfi við Reykjavíkurborg og ýmis einkafyrirtækji. Fyrir atvinnuleitendur getur þetta skapað ný tækifæri til starfa og erum við spennt að vinna áfram með þetta verkefni, segir Hulda.

Menntun núna í önnur hverfi

Hulda sér fyrir sér að sambærilegt samstarf fari af stað í öðrum hverfum borgarinnar í kjölfarið en það er augljós kostur að geta boðið upp á kennslu sem næst búsetu fólks. Auk þess að vera með kennslu í höfuðstöðvum Mímis í Ofanleiti 2 er Mímir einnig með kennsluhúsnæði í Gamla stýrimannaskólanum á Öldugötu.

Úrval vandaðra úra og fallegra skartgripa til fermingargjafa.

GULLSMIÐURINN Í MJÓDD

Sími: 567 3550

breidholt.is

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



GARÐS
APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Tré við Austurberg á áhugasviði Breiðhyltinga

Gróðursetning, bætt lýsing og betri hirðing á rusli voru á meðal þess sem Breiðhyltingar völdu í undangengnum kosningum um betri hverfi 2014 í Reykjavík. Alls tóku 5.272 Reykvikingar, 16 ára og eldri, þátt í íbúakosningunum en í þeim forgangsraða íbúar smærri nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum í hverfum borgarinnar. Kosningabátttaka var hæst í Hlíðunum, næstmest í Vesturbæ og Grafarholti-Úlfarsárdal. Konur eru alls staðar fleiri í hópi bátttakenda en karlar.

Kosningarnar fóru fram dagana 11. til 18. mars og notuð var innskráningarþjónusta island.is til auðkenningar, íslykill eða rafræn skilríki. Var þetta í þriðja sinn sem Reykjavíkurborg stendur fyrir kosningum með þessu sniði. Í kosningunum völdu Reykvikingar 78 verkefni í hverfum borgarinnar sem koma til framkvæmda á þessu ári og verður 300 milljónum varið til þeirra eins og síðustu tvö ár. Kosningarnar eru bindandi fyrir Reykjavíkurborg.

Kosningabátttaka var íyð minni en í fyrri kosningum. Í ár var hún 5.7% í heildina en 6.3% í fyrra. Á kjörskrá voru 96.854 íbúar en allir sem voru orðnir 16 ára um áramót og eiga lögheimili í Reykjavík gátu tekið þátt. Hæst þáttökuhlutfall í öllum hverfum er hjá kjósendum á aldrinum 30 til 50 ára en gera má ráð fyrir að



það sé fólkið sem hefur ákveðið fasta búsetu í ákveðnum hverfum og vill helst hafa áhrif á lífsgæði í hverfinu sem það býr í. Umhverfismál voru Breiðhyltingum hugleikin í þessum kosningum eins og sjá má af þeim verkefnum sem þeir völdu en þau eru: Að gróðursetja ávaxtatré og berjarunna á völdum stöðum í Breiðholti. Fjölga ruslastömpum í hverfinu m.a. nærri strætóskýlum. Setja bekkir og ruslastampa við gönguleið frá Árskógum í Kópavog. Bæta lýsingu á svæðinu milli Vesturbæ og Fjölbraut-

arskólans við Austurberg. Bæta lýsingu við stíga í Seljahverfi m.a. við Stuðla- og Stallasel. Endurnýja gangstéttir í neðra Breiðholti einkum í Bakkahverfi. Setja upp frísbíggjuföll neðan við Fella- og Hólakirkju/Keilufell. Gróðursetja tré, runna o.fl. til að fegra umhverfi götunnar Austurbærs. Endurnýja göngustíg við Skógarsel, meðfram Staðarseli, laga gönguleið við norðurenda Núpa-, Ósa-, Prest- og Réttarbakka. Alls eru þetta framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að kosta muni um 2,9 milljónir króna.

Vorið er komið!
Nýkomið Kvartbuxur,
stuttbuxur og pils.

Mikið úrval af
sumarlegum bolur

Verið velkomnar


Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053





Löður

Kíktu inn á www.lodur.is

Opið alla daga!

Kíktu til okkar á Fiskislóð 29

Opið alla daga frá 08:00-19:00

-  Svampburstastöð, 54 m löng
-  Snertilaus sjálfvirk bílapvottastöð
-  Háprýstipvottur
-  Bónstöð

Aldrei
läng bið!

Við erum á sex stöðum á höfuðborgarsvæðinu

www.lodur.is - Sími 544 4540

rainx

Levi Didreksen í öðru sæti á Saffés



Levi Didriksen flytur lagið Óendanleg ást fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Hundrað&Ellefu og lenti í 2. Sæti.

Samfestingurinn var haldinn síðastliðna helgi, 7. til 8. mars í Laugardalshöll. Þar komu saman ca. 4,500 unglingar úr félagsmiðstöðvum alls staðar af landinu. Á föstudagskvöldið var stórt ball þar sem var mikið dansað, spjallað og hlustað á flotta tónlist þar sem Páll Óskar endaði kvöldið með stæl þannig allir fóru sveittir og sælir heim að sofa.

Söngkeppni Samfés var svo haldin hátíðleg í Laugardalshöll laugardegnum eftir. Alls tóku 30 atriði þátt í keppninni úr félagsmiðstöðvum víðs vegar af landinu. Frá Breiðholti fóru tvö atriði. Fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Hundrað&Ellefu tók Levi Didriksen þátt og lenti í 2. sæti með lagið Óendanleg ást, upprunalegt heiti lagsins er Unconditionally með Katy Perry.

Levi er í 8. bekk í Hólabrekkuskóla og hefur æft söng í nokkur ár sem skilaði sér heldur betur í pakkaðri Laugardalshöll. Við erum viss um að Levi eigi eftir að gera stórkostlega hluti í framtíðinni. Við óskum Levi enn og aftur til hamingju með þennan frábæra árangur. Hitt atriðið frá Breiðholti kom frá Hólmaseli. Þeir Alex Birgir og Oliver Sveinn tóku lagið "Einar" eftir MC Gauta og í bakröddum voru þær Júlía Sif og Svava Sól. Þess má einmitt til gamans geta að Gauti er einmitt stóri bróðir Olivers og á hann því ekki langt að sækja tónlistarhæfileika sína. Krakkarnir eru öll úr 8. bekk og koma bæði úr Öldusels- og Seljaskóla. Þóttu þau standa sig prýðilega á sviðinu og er það greinilegt að þau eiga framtíðina fyrir sér sem tónlistarmenn.

Gerðuberg í öll hverfi



Frambjóðendur sitja fyrir svörum. Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og fundarstjóri stendur við ræðupúltið.

Betra Breiðholt stóð fyrir fundi með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninganna á komandi voru 9. apríl sl. Fyrir fundinum lágu spurningar frá íbúum í Breiðholti og athugasemdir vegna aðalskipulags sem frambjóðendur leituðust við að svara. Spurningarnar snérist flestar um skipulagsmál og aðalskipulag s.s. göngubrú yfir Breiðholtsbraut gegnt Stöðinni, framkvæmdir í Stekkjarbakka, mislæg gatnamót við Sprengisand (tenging við Bústaðaveg), truckastæði við Seljabraut og hita í götu efst í Höfðabakka. Auk fyrrgreindra spurninga voru skólamál rædd, uppbygging á íþróttastöðu ÍR og aukio vægi Hverfisráða.

Frambjóðendur frá öllum flokkum nema Framsóknarflokknum tóku þátt í fundinum þau: Elín Oddný Sigurðardóttir félagsfræðingur (3 sæti á lista VG), Halldór Halldórsson (oddviti Sjálfstæðismanna), Þorleifur Gunnlaugsson (oddviti Dögunar), Halldór Auðar Svansson (oddviti Pírata), Björn Blöndal (oddviti Bjartrar framtíðar) og Dagur B. Eggertsson (oddviti Samfylkingarinnar). Hverfisstjóri Óskar Dýrmundur Ólafsson var fundarstjóri.

Gerðuberg í öll hverfi

Elín Oddný frambjóðandi og íbúi í Háaleitishverfi tók fyrst til máls og pakkaði íbúasamtökunum Betra Breiðholt kærlega fyrir að standa fyrir fundinum og

sagði að það væri alltaf gaman að koma í Gerðuberg og að hennar ósk til ólíkra hverfa í Breiðholti væri sú að öll hverfi þyrftu sitt Gerðuberg, suðupunktur menningar og félagslífs ekki bara í hverfinu heldur í borginni allri. Undir þessi orð tóku aðrir frambjóðendur.

Önnur lausn á truckastæðum

Vel var tekið í tillögur og spurningar íbúa en fram kom að horfið hefði verið frá hugmyndum um mislæg gatnamót við Bústaðaveg vegna áhrifa á íbúabyggð. Fram kom að þrjú undirgöng væru undir Breiðholtsbrautina í dag en ástæða þess að göngubrú við Stöðina (í Fellum) væri farin af aðalskipulagi væri að allar göngubrýr hefðu verið teknar af skipulaginu. Frambjóðendum fannst hugmyndin um að leggja hita í götu efst í Höfðabakka góð. Bent var á kosningar íbúa á netinu „Betri hverfi“ um framkvæmdir í sínum hverfum en þar væri tilvalið að koma slíkum hugmyndum á framfæri. Varðandi truckastæði við Seljabraut þá kom fram að verið væri að vinna tillögur að fækkun slíkra stæða í íbúabyggð, mikilvægt væri að finna aðra og varanlega lausn þó þannig að enn væri svigrúm fyrir atvinnulíf í hverfunum.

Dagur B. Eggertsson kynnti stuttlega þær framkvæmdir og verkefni sem farið hefðu af stað í hverfinu á yfirstandandi kjörtímabili s.s. framkvæmdir við

skólalóðir Fellaskóla og Seljaskóla, samningur við ÍR um afnot af íþróttahúsum, gufubað í sundlauginni, Fab Lab í Fellagörðum og Menntun Núna verkefnið. Þá eru fyrirhugaðar endurbætur á skólalóð Breiðholtsskóla og í Gerðubergi. Halldór Halldórsson ræddi framkvæmdir á fyrra kjörtímabili s.s. uppbygging á íþróttasvæði Leiknis.

Jákvæðar tengingar við Breiðholtið

Í umræðu um skólamál kom fram að langur biðlisti væri á greiningum fyrir fötluð börn. Hverfisstjóri sagði að það væri því miður vandamál sem virtist vera viðvarandi ekki bara í Breiðholti heldur einnig í öðrum hverfum borgarinnar. Hinsvegar hefði verið unnið talsvert í skimunum og bættri þjónustu við börn með þroskafrávik og námsörðugleika þ.e. þjónustu þar sem ekki er gerð krafa um greiningu.

Rætt var um aukio íbúalýðræði og að e.t.v. hefði það áhrif í fjárveitingum að hlutfallslega fáir borgarfulltrúar byggju í Breiðholti. Frambjóðendur vísuðu margir í uppruna sinn og margskonar jákvæðar tengingar við hverfið auk þess sem flestir sögðu það vera á stefnuskrá sinna flokka að auka vægi hverfisráða og vinna að því að í framtíðinni yrðu þau valin af íbúum í stað þess að vera pólitískt skipuð.

SGK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

VEIDIKORTIÐ
2014

Eitt kort
36 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is



Ráðgjöf í Gerðubergi

Menntun núna verkefnið býður Breiðhyllingum eftirfarandi ráðgjöf án endurgjalds.

Opnir tímar ráðgjafa í Gerðubergi 3-5:

| | |
|---------------------------|---|
| Mánudaga kl. 16 til 18 | Náms- og starfsráðgjöf |
| Þriðjudaga kl. 16 til 18 | Raunfærnimat og mat á námi frá öðru landi |
| Miðvikudaga kl. 16 til 18 | Ráðgjöf til innflytjenda m.a. réttindi, skyldur og ríkisborgaréttur |

Hægt er að panta tíma og óska eftir félags- og fjármálaráðgjöf, ráðgjöf vegna lestrarerfðleika, náms- og starfsráðgjöf alla virka daga kl. 10 - 14 í síma 664 7706 og með því að senda tölvupóst á netfangið í menntun.nuna@reykjavik.is.

Náms- og starfsráðgjafi Menntunar núna er með símatíma mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 10 til 11 í síma 570 5635.

Ölduselsskóli í efstu sætum á stóru upplestrarkeppninnar

Ölduselsskóli átti tvo fulltrúa í efstu sætunum á lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar í Breiðholti sem fór fram í Seljakirkju miðvikudaginn 19. mars sl. Þar kepptu tíu ungmenni úr 7. bekk, en undankeppnir höfðu farið fram í öllum fimm skólunum fyrir í vetur. Fjölmenni hlýddi á lesturinn sem var skipt í þrjú hluta; fyrst lásu keppendur kaffla úr bókinni „Ertu Guð afi?“ eftir Þorgrím Þráinsson, síðan ljóð eftir Erlu og að lokum ljóð að eigin vali.

Í fyrsta sæti varð Þórunn Ásta Árnadóttir og í öðru sæti var Margrét Björgvinsdóttir. Máney Guðmundsdóttir úr Hólabrekkuskóla varð síðan í þriðja sæti. Vinningshöfum og þátttakendum öllum er hér með óskað innilega til hamingju með góðan árangur - og þeir og allir aðrir hvattir til að halda áfram að lesa sér til gagns og gamans. Umsjónarmaður keppninnar að þessu sinni var Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið upplestrarkeppni



Keppendur á lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar í Seljakirkju.

í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Auk upplestrarkeppninnar voru flutt þrjú tónlistaratriði, en þar komu fram hljómsveit drengja úr 6. bekk í Ölduselsskóla, Sigríður

Vala Kvaran nemandi í Seljaskóla spilaði vals á fiðlu og kór Seljaskóla söng þrjú íslensk lög undir stjórn Vilborgar Þórhallsdóttur. Þjónustumiðstöð Breiðholts bauð gestum upp á veitingar í hléi.

Tveir nemendur Fella-skóla með verðlaun



Lena Rut Martin og Mikolaj Edward Biegum úr Fellaskóla með verðlaunaskjölin sín ásamt Kristínu Jóhannesdóttur skólustjóra.

Tveir nemendur Fellaskóla unnu til verðlauna í teiknisamkeppni barna í 4. bekk grunnskóla sem Mjólkursamsalan hefur staðið fyrir undanfarin ár. Alls tóku rúmlega 1000 nemendur frá yfir 40 skólum þátt í keppninni. Markmið keppninnar er að vekja athygli á mikilvægu hlutverki mjólkur í daglegu mataræði barna.

Fellaskóli hefur haft nokkra sérstöðu í Teiknisamkeppni liðinna ára en margar mjög góðar og skemmtilegar myndir hafa borist frá skólanum og höfum við unnið til verðlauna alls 7 sinnum. Í ár var engin undantekning þar á og unnu tveir nemendur Fellaskóla

til verðlauna. Þetta voru þau Mikolaj Edward Biegum og Lena Rut Martin.

Að þessu sinni voru veittar viðurkenningar fyrir þrettán teikningar frá 10 skólum en að þeim stóðu sextán nemendur. Viðurkenningar voru veittar að loknu vali á úrtaki mynda sem lagðar voru fyrir Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra. Verðlaunahafarnir koma úr skólum víðsvegar um landið. Verðlaun í teiknisamkeppninni eru 25 þúsund krónur sem fara í bekkjar-sjóð viðkomandi nemenda og fær því allur bekkurinn að njóta með vinningshöfunum.

Páskaeggjaleit á laugardaginn

Á laugardaginn kemur, laugardaginn fyrir páska, standa hverfafélög Sjálfstæðisflokksins í Breiðholti fyrir páskaeggjaleit. Júlíus Vífill Ingvásson borgarfulltrúi mun stýra leitinni.

Hann segir að með árunum hafi skapast ákveðin hefð í þessum leik. Við höfum okkar eigin útgáfu af honum sem er aðallega vegna þess að börnin sem taka þátt eru orðin svo mörg. Páskaeggjaleitin er orðin mjög vinsæl bæði af ungum sem öldnum. Eiginlega má ekki milli sjá hvorum hópnunum finnst þetta

meira spennandi. Ég fæ það skemmtilega hlutverk að ræsa páskaeggjaleitina og stýra samkomunni. Þetta verður enginn brekkusöngur en við reynum að taka eitt lag til að hita upp. Við sjáum til hvernig það fer. Fyrst og fremst er þetta fjölskylduskemmtun. Allir eru auðvitað velkomnir. Við byrjum klukkan eitt við gömlu rafstöðina í Elliðaárdalnum. Svo væri ágætt að þau sem koma í eggjaleitina taki með sér körfu eða plastpoka til að tína í. Það fer enginn tómhentur frá þessum leik," segir Júlíus Vífill.

NORRÆN SUMUR GERA KRÖFU UM HÁMARKS FRAMMISTÖÐU

NOKIAN TYRES

Mundu: nagladekkinn af fyrir 15. apríl!

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður! Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

Ný og betri heimasíða!

Skoðaðu MAX1.is

VELDU MARGVERÐLAUNUÐ NOKIAN GÆÐADEKK HJÁ MAX1

Mikið úrval fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

Finndu réttu dekkinn undir bílinn þinn!

NÝ DEKKJALETARVÉL Á MAX1.IS!

Fáðu vaxtalaust kortalán eða 10% staðgreiðsluafslátt af dekkjum!

NOKIAN
FINNSK SUMAR- OG HEILSÁRSDEKK Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Reykjavík:
Bíldshöfða 5a
Jafnaseli 6
Knarrarvogi 2

Hafnarfjörður:
Dalshrauni 5

Aðalsímanúmer:
515 7190

Opnunartími:
Öll verkstæði opin virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN



Fimmtudagsfræðslan hefst Sumardaginn fyrsta

Menntun núna verkefnið býður upp á opin námskeið endurgjaldslaust fyrir Breiðhyltinga á fimmtudögum eftir páska. Þeir sem hafa áhuga skrái sig til þátttöku í síðasta lagi daginn fyrir námskeiðið í síma 664-7706 eða netfang menntun.nuna@reykjavik.is.

Lágmarkspátttaka eru 10 þátttakendur svo að af námskeiðum verði.

Dagskrá í apríl og maí

Sumardagurinn fyrsti, 24. apríl kl. 17 til 19

Á líðandi stundu. Bryndís Jóna Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi kynnir núvitund. Láttu þér líða vel og njóttu þess að vera í núinu. Á þessari kynningu verður farið í hvernig ástundun núvitundar getur auðgað líf okkar og hjálpað okkur að takast á við áreiti, álag og áskoranir í daglegu lífi.

Fimmtudagurinn 8. maí kl. 17 til 19

Hvað á að gera við afa? umfjöllun um hlátur og hómor. Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur flytur fyrirlestur um hómor og tengsl hans við samfélagið. Hún ræðir t.d. fræg hlátursköst, hómor og hörmungar og bannaðan hómor.

Fimmtudagarnir 15. og 22. maí kl. 17 til 19

Tveggja kvöld námskeið í skyndihjálp og endurlífgun; Farið verður í hvernig athuga á meðvitund, hjartahnoð og blástur ásamt fleira ef tími gefst. Þátttakendur fá skirteini frá RKÍ að námskeiði loknu. Kennari á námskeiðinu er Guðrún Þorlákssdóttir hjúkrunarfræðingur og kennari á Heilbrigðissviði Fjölbautaskólans í Breiðholti.

Sveitarfélagið Breiðholt?

Fyrir rúmu ári var ég einn frum-mælenda á fundi Íbúasamtaka Breiðholts og ræddi þar hinar ýmsu hliðar íbúalýðræðis, svo sem gildi upplýsinga og aðgengis íbúanna að þeim, lýðræðiskennslu í leik og grunnskólum, fjárhags-áætlunargerð með þátttöku íbúanna og svo hverfalýðræði.

Ef Breiðholtið væri sveitarfélag

Ef Breiðholtið væri sveitarfélag væri það fjórða stærsta sveitarfélag landsins, á eftir Reykjavík, Kópavogi og Hafnafyrði. Ef Breiðholtið væri sveitarfélag, væri þar lýðræðislega kjörin bæjarstjórn og nefnda og ráða. Þar væri ráðhús og allra handa þjónustustofnanir og svo mætti lengi telja. En Breiðholtið, þetta rúmlega 20.000 íbúa samfélag hefur nánast enga sjálfstjórn eins og berlega kom fram á fundi íbúasamtakanna í síðustu viku.

Sjálfstæði eða sjálfstjórn?

Ætti Breiðholtið að segja sig úr lögum við Reykjavík og gerast sjálfstætt sveitarfélag? Það er ein leið og hún væri ekki á skjön við stjórnskipulag höfuðborgarsvæðisins með sín sex sveitarfélög. Það er líka hægt að grípa til annarra ráða þar sem sjálfsákvörðunarréttur íbúanna væri virtur en hagkvæmni samlegðaráhrifa höfuðborgarinnar gætt. Árið 2005 samþykkti borgarstjórn uppskiptingu borgarinnar í ákveðin hverfi og setja á fót þjónustumiðstöðvar fyrir þau. Jafnframt voru sett

á fót hverfisráð sem áttu að sinna nærumhverfinu. Hugsunin var sú að allt það sem tilheyrði nærumhverfinu flyttist til þjónustumiðstöðvanna og íbúarnir gætu sótt flesta þjónustu þangað.

Þetta kerfi komst aldrei fyllilega á og kenna má, fyrirstöðu kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna, andstöðu sem í raun kristallast í átökum á milli miðstýringar og dreifstýringar.

Kominn tími til að taka af skarið

Miðstýringin í Borgartúni og Ráðhúsinu er enn að bólga út á kostnað dreifstýringar og við sitjum uppi með hverfiráð sem eru nánast valdalaus. Núverandi meirihluti lofaði að breyta þessu en hefur ekki staðið við orð sín. Það er kominn tími til að taka af skarið og færa íbúum hverfis-anna ákveðna sjálfstjórn þar sem allt sem tilheyrir nærumhverfinu flyst til þjónustumiðstöðvanna og valdamikil hverfisráð verði kosin af íbúunum.

Þorleifur Gunnlaugsson.

Höfundur leiðir framboð Dögunar vegna borgarstjórnarkosninga í vor.



Þorleifur Gunnlaugsson.

Miðborgarstemning á UNO - matur og vín á góðri stundu

Kokkarnir á UNO kunna svo sannarlega að færa íslenskt úrvalshráefni í miðjarðarhafsbúning og þessi notalegi veitingastaður í hjarta borgarinnar skapar fallega umgjörð fyrir stefnumót og góðra vina fundi. Glas af prosecco gleður á undan máltíð sem svikur engan, enda UNO búinn að skipa sér í fremstu röð veitingahúsa í Reykjavík.

Eldhúsið er opið

17:00 til 23:00 sunnudaga til fimmtudaga
17:00 til 00:00 föstudaga og laugardaga



Við mælum með effirarandi víni við þennan rétt:

MATUA SAUV BLANC - Nýja Sjáland

Ferskt vín með þroskuðum greip og ananas í bland við grösugri tóna, jafnvel grænan aspars

Montalto Pinot Grigio - Sikiley

Ljössítrónugult. Létt meðalfylling, þurr, fersk sýra. Pera, melóna, sítrus.

Brio bláskel

Kræklingur, Brio bjór, chorizo, hvítlaukur.

Brio og Breiðafjörður

Bláskelin úr Breiðafirði er elduð í Brio bjór frá Borg. Einstaklega vel heppnað hjónaband sem er kryddað til með hvítlauk og spænskri chorizo pylsu. Kaldur á kantinum í fallegu glasi fullkomnar þennan smarétt sem er vinsæll t.d. fyrir eða eftir leikhús eða sem forréttur.



UNO cucina italiana
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
Netfang uno@uno.is
Borðapantar í síma 561 1313

Dagur B. Eggertsson skrifar: Barnapakinn

Það er erfitt hjá mörgum barnafjölskyldum að láta enda ná saman og eiga fyrir fjölbreyttum frístundum fyrir krakkana og öðrum útgjöldum. Tónlist, íþróttir og aðrar skipulagðar frístundir eru engu að síður ómetanlegur undirbúningur fyrir framtíðina. Það er prinsipp að efna hagar foreldra ráði ekki úrslitum um þátttöku í frístundastarfi. Samfylkingin hefur því samþykkt tillögur um hækkun frístundakorts úr 30.000 í 50.000 á hvert barn. Þetta verður innleitt í áföngum og útfært í samráði við frístundageirann.

Hækkun frístundakortsins er hluti af "barnapakka" Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Borg sem er góð fyrir börn hlúir að framtíðinni. Þannig borg er góð fyrir alla.

Barnapakinn er í fjórum liðum.

• Í fyrsta lagi. Reykjavík er og verði áfram hagstæðust fyrir fjölskyldur. Þetta þýðir að samanlagðir skattar, fasteignaskattar, gjöld og gjaldskrár verði áfram hagstæðust

í Reykjavík í samanburði við önnur sveitarfélög.

• Í öðru lagi. Systkinaafsláttur verði veittur þvert á skólastig. Reykjavík býður - ríkulega systkinaafslætti fyrir barnafjölskyldur. Þessi nýjung þýðir að fjölskyldur fái afslátt vegna systkina þó að annað þeirra sé á leikskóla en hitt í grunnskóla. Þetta teljum við vera sanngjarna kjarabót sem nýtist barnmörgum fjölskyldum.

• Í þriðja lagi. Frístundakort verði hækkuð úr 30.000 kr í 50.000 kr. á hvert barn á kjörtímabilinu, skv. útfærslu sem unnin verði í samstarfi við íþróttafélög, tónlistarskóla og æskulýðssamtök. Við höfum áhyggjur af því að sum börn fari á mis við skipulagt tómstundastarfi vegna fjárhagsaðstæðna. Með því að hækka frístundakortið vinnum við gegn því.

• Í fjórða lagi. Bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað með fjölbreyttum aðferðum í áföngum. Þetta er risastórt samfélagslegt verkefni sem mun taka tíma en er ekki að hægt skilja eftir til úrlausnar

fyrir foreldra ungra barna.

Fæðingarorlof þarf að lengja. Síðan þarf að tryggja öryggi og auðveldara aðgengi að þjónustu eftir að orlofi lýkur í samvinnu við dagforeldra, ungbarnaleikskóla en síðast en ekki síst að krakkar komist yngri inn á venjulega leikskóla.

Barnapakinn er eitt af aðalstefnumálum Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Öll stefnumál okkar taka mið af fimm ára áætlun um fjárhag Reykjavíkurborgar og ábyrgri stefnu í fjármálum borgarinnar.

Höfundur er borgarstjóraefni Samfylkingarinnar í Reykjavík



Dagur B. Eggertsson.

Þvottakústar rispa og skemma lakkið

Mjög mikilvægt er að hugsa vel um bifreiðar þegar kemur að bílaþvotti. Það skilar sér í endursölu að bílarnir líti vel út og lakkið sé óskemmt auk þess sem það er auðvitað miklu skemmtilegra að aka um á hreinum bíl. Með reglubundnum þvotti og góðri umhirðu endist bíllinn mun lengur og verður síður ryði að bráð. Páll Magnússon hjá Löðri bendir á að þvottakústar á bílalplönum rispi gjarnan lakkið á bilunum með hárfinum rispum sem á endanum gerir lakkið matt.

„Fjölmörg dæmi eru um nýlega bíla sem eru farnir að láta verulega á sjá því lakkið er orðið afar matt og orsökina er í langflestum tilfellum tvíþætt. Annars vegar þvottakústar bílplananna og hins vegar tjara sem aflitar lakkið og eyðuleggur herslu þess. Bílakústar rispa og matta öll bílalökk. Ef bíllinn eða þvottakústurinn er óhreinn virkar kústurinn eins og sandpappír á lakkið. Tjara og eldfjallaaskan sest á bílanna og gerir það að verkum að enn mikilvægara er að þvo bílanna á réttan hátt til að rispa ekki lakkið,“ segir Páll.

Fjórum sinnum meira vatn til spillis á bílplani

Hann bætir við að malbikið hér á landi sé yfirleitt samsett úr möluðu grágrýti, 10 til 15 mm



Páll Magnússon hjá Löðri.

kornastærð, og tjöru ásamt öðrum aukaefnum sem er ætlað að bæta styrk og viðloðun. „Íslenskt grjót er mjög mjúkt í samanburði við erlent grjót sem veldur því að nagladekkin eiga nokkuð auðvelt með að rífa það upp í svifryk og tjöru sem hleðst á bílana okkar. Tjara fer mjög illa með lökk á bílum. Hún bæði aflitar lakkið með tímanum og dregur úr styrkleika þess. Salt þækillinn á götum úti er svo ekki til að hjálpa til,“ segir hann.

Páll segir enn fremur að varðandi umhverfisþáttinn sýni rannsóknir að fólk notar allt að fjórum sinnum meira vatn við bílaþvottinn þegar bíllinn er þvegin heima eða á þvottaplani bensinstöðva en þegar honum er ekið í gegnum snertilausa þvottastöð.

Ferminga- og tækifærisgjafir



BEKA&BELL KOLLEKTION 2014



Eigum góð úr fyrir fallegt fólk og falleg úr fyrir gott fólk
Festina - Casio - Boss - DKNY.

Úrval af vasatölum frá



GULL-ÚRÍÐ • MJÓDDINNI

Álfabakka 16 • sími 587 4100

Axel Eiríksson úrsmíðameistari

www.breiðholt.is



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Nýbýlavegi 10. Kópavogi
www.bilasprautun.is

☎ 554 2510

SJÓVÁ

TM

VÍR

VÖÐUR

f



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í sama húsi og íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



Heildarlausnir í hreingerningavörum fyrir heimili og fyrirtæki.

Allt á sama stað.

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18
108 Reykjavík
Sími: 510 0000
www.besta.is

Breiðholtsvillingar

Stjúpfaðir minn starfaði lengi í Fellahelli. Ég fór oft með honum í vinnuna, tólf ára gömul, og tók þátt í unglingsstarfinu þar, sem á þessum tíma var líklega einhverskonar frumkvöðlastarf. Á þessum tíma var að verða vitundarvakning um mikilvægi frístunda- og tómstundastarfs. Mér þótti ótrúlega gaman að fara með honum því þar var alltaf svo mikið um að vera. Svo hafði maður eitthvað heyrt talað um "Breiðholts-villingana" og ég var mjög forvitin um þá. Ég hittir samt aldrei neinn. Ekki fyrr en eftir að ég var orðin fullorðin og komin í Kennaraháskólann. Einn af samnemendum mínum varð himinlifandi þegar hann frétti hver væri pabbi minn. Hann hafði nefnilega verið rótlaus "Breiðholtsvillingur" sem flestir höfðu afskrifað, nema starfsfólk Fellahellis og stjúpfaðir minn.

Í Fellahelli hafði þessi „villingur“ fengið tækifæri til að ná áttum utan skólatíma, komast úr hefðbundnu umhverfi sínu og láta reyna á ýmislegt sem hann fékk ekki að gera í grunnskólanum. Í Fellahelli fékk þessi vinur minn trúna á sjálfan sig og í dag finnst honum hann eiga Fellahelli og félagsstarfinu þar mikið að þakka.

Fellahellir er ekki lengur til, en við viðurkennum í dag gildi frítímans. Öll börn eiga að fá tækifæri til að sinna hugðarefnum sínum, stunda íþróttir og tómstundir og efla félagsþroskann. Til þess þurfa borgaryfirvöld að leggja

sig fram við að gera vel og hlúa að félagsstarfi við börn og unglunga. Í Breiðholti er það staðreynd að meirihluti barna sem ekki sækir félagstarf eða íþróttir eru innflytjendur eða eiga efnalítla foreldra. Á þessu ætla Vinstri græn að taka á af myndugleik þannig að öll börn fái tækifæri til að vaxa og rækta frítíma sinn.

Við viljum að þessi þjónusta sé gjaldfrjálst svo hér geti skapast raunverulegur samfélagslegur jöfnuður. Með markvissu íþrótt- og tómstundastarfi má koma í veg fyrir að börn leiðist út í óæskilega hegðun. Gott og innihaldsrikt íþrótt- og tómstundastarf í æsku og á unglingsárum er mikilvægur þáttur í því og efnahagsaðstæður eða aðrir þættir mega ekki verða til þess að börn verði útundan. Vegarnestið sem þau hljóta á frístundaheimilinu getur verið drjúgt - samanber vin minn úr Kennaraháskólanum. Þannig vegarnesti viljum við Vinstri græn veita öllum börnum í Reykjavík

*Eftir Líf Magneudóttur
Höfundur skipar annað sæti á lista Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs.*



Líf Magneudóttur.

Gleðilega páska!

Líf Jesú einkenndist af kærleika. Hann mætti fólk í kærleika, læknaði sjúka, tók börn í faðm sinn og blessaði þau. Í Biblíunni fáum við að kynna lífi Jesú og boðskap hans. Páskaboðskapurinn sem hljómar um páskana í öllum kirkjum landsins um Jesú Krist, son Guðs, sem sigraði dauðann og gaf okkur þar með trú á hinn upprisna frelsara okkar Jesú Krist, sem leiðir okkur frá dauða til eilífs lífs með sér. Kristin trú er upprisutru, trú á sigur lífsins yfir dauðanum. Jesús var krossfestur, lagður í gróf og sú gróf var tóm á páskadagsmorgun. Jesús var ekki þar, hann var upprisinn!

Biblían okkar sem geymir þetta fagnaðarerindi er sú bók sem hefur haft víðtækustu áhrif á trú, sögu, menningu fjölmargra þjóða um allan heim. Íslensk saga og menning er þar ekkert undanskilin. Listafólk úr öllum listageiranum hefur sótt hugmyndir og túlkad boðskap Biblíunnar í list sinni. Biblíufélagið var stofnað 10. júlí 1815 og er elsta félagið á Íslandi. Markmið félagsins er að stuðla að því að Biblían verði alltaf aðgengileg og fáanleg á Íslandi og hvetja fólk til lesturs Biblíunnar. Íslendingar voru meðal 20 fyrstu þjóða heims sem fengu Biblíuna á eigin þjóðtungu. Það var menningarlegt afrek Odds Gottskálkssonar og Guðbrands Þorlákssonar og hafði ómetanlegt gildi fyrir okkur sem þjóð.

Á næsta ári verður Biblíufélagið 200 ára og félagið er eitt af elstu Biblíufélögum í heiminum. Þó að Biblíufélagið sé virt og gamalt félag er það síungt og vill vinna að því að nýjar kynslóðir hér á



Ragnhildur Ásgeirsdóttir.

landi fái að kynna Biblíunni sem hefur haft svona mikil áhrif á sögu okkar og menningu. Biblían miðlar kærleika og umhyggju Guðs og því hve miklu máli samfylgd við Hann skiptir í daglegu lífi. Með því að skrá sig í Biblíufélagið tökum við þátt í því verkefni að útbreiða Biblíuna, boðskap og áhrif hennar hér á Íslandi. Biblían er grundvöllur kristinnar trúar og okkar kristnu arfleifðar. Ef við viljum að hver ný kynslóð kynnist boðskap Biblíunnar, taki kristna trú og láti mótast af kristinni lífsýn og lífsgildum, þurfum við öll að taka höndum saman og stuðla

að útbreiðslu Biblíunnar.

Páskarnir eru mesta hátíð kristinna manna. Kirkjuféðurnir nefndu páskana hátíð hátíðanna, festum festorum, því þá fögnum við upprisu Jesú Krists. Við fögnum hinu eilífa lífi sem hefst nú og varir um alla eilífð. Þennan boðskap fáum við að taka við og tileinka okkur.

Gleðilega páska!

Ragnhildur Ásgeirsdóttir verkefnisstjóri kærleiksþjónustu á Biskupsstofu og fyrrum djákni í Fella- og Hólakirkju.

www.breidholt.is

Sumardagurinn fyrsti

Hátíð við Félagsmiðstöðina Hólmassel

Kl. 13.00 Dagskrá hefst

Hoppukastalar, andlitsmálning, grillaðar pylsur til sölu, candyfloss ofl.

Kynning á starfi ÍR og Skátafélagsins Seguls

Kl. 13.30 Sigurvegarar frá Breiðholt got Talent:

Stefán Halldór, Leví, Asian Style, Gabriela Ósk

Kl. 13.50 Dans Brynju Péturs

Kl. 14.00 Páll Valdimar JóJó listamaður

Kl. 14.15 Jón Víðis Töframaður

Kl. 15.00 Dagskrárlok

Sjáumst hress



Sérstök börn eru einstök börn

Þjónustumiðstöð Breiðholts var stofnuð árið 2005 og skapaði sér strax sérstöðu í sérfræðipjónustu við börn. Sérstaða Breiðholts er fólgin í því að öllum beiðnum frá skólum og foreldrum um stuðning er mætt strax, án þess að bíða formlegrar greiningar á orsökum vandans. Sérfræðingarnir fara út í skóla, leikskóla og frístundaheimili og aðstoða starfsfólk með gagnlegri ráðgjöf ef um er að ræða t.d. kvíða- og hegðunarerfiðleika í barnahópnum. Barnið er ekki endilega tekið út úr hópnum heldur er unnið með barnahópinum í heild sinni. Á sama tíma hefur verið lögð mikil áhersla á námskeiðahald fyrir börn, foreldra og starfsfólk sem vinnur með börnum. Greining er ekki forsenda fyrir þátttöku á námskeiðum, heldur skimun kennara og fjölskyldu sem bendir til þess að þörf sé á stuðningi. Á námskeiðunum er fjallað um börn sem eiga t.d. við kvíða, athyglisbrest, hegðunartruflanir og fleira að stríða. Foreldrum og starfsfólki er kennd tækni til að takast á við vandann. Þetta leiðir til þess að færri börn fá formlegar greiningar þar sem skimun kennara og foreldra ákvarðar hvaða stuðning hvert barn þarf á að halda. Þetta hefur hins vegar leitt til þess að biðlisti eftir greiningum þar sem grunur leikur á fötlun, hefur lengst og er nú óásættanlega langur. Bæði skortir meira fé frá borgaryfirvöldum en einnig spilar inn í að heilsugæslan er nú hætt greiningum og biðlisti hjá Greiningar – og ráðgjafarstöð ríkisins hefur lengst. Þetta er verkefni sem verður að takast á við í samvinnu margra.

Hverfaskipulag

Breiðhyllingarnir í ráðinu eru einhuga um það besta fyrir hverfið sitt. Nú í vetur höfum við í tvígang unnið með hverfaskipulag Breiðholts sem verður auglýst á næstunni. Hverfaskipulagið á að leggja grunn að þróun hverfisins til framtíðar,

á vistvænum forsendum. Margir sérfræðingar koma að gerð hverfaskipulags og þeir voru gestir á fundum hverfisráðs, sem og fulltrúar ungmenna í Breiðholti sem lýstu sínum sjónarmiðum. Það var athyglisvert að hverfisbúar, ungir sem eldri voru miklu jákvæðari í garð hverfisins en þeir sem unnu að verkinu og voru gestir. Sérstaklega var gagnlegt að heyra sjónarmið unga fólksins sem þótti vænt um hverfið sitt og voru með mjög gagnlegar athugasemdir.



Björk Vilhelmsdóttir.

Springum út

Framundan eru mörg framfaraverkefni í Breiðholti sem við Breiðhyllingar völdum í kosningunni í mars 2014. En auk þeirra á að fara í breytingar og endurbætur á anddyri menningarmiðstöðvarinnar okkar Gerðubergs og endurnýja á skólalóðir Breiðholtsskóla og Ölduselskóla, auk margvíslegra viðhaldsfrankvæmda í Breiðholtsskóla.

Það er alltaf tilhlökkunarefni að funda með hverfisráði Breiðholts. Á dagskrá eru málefni hverfisins og aldrei hefur orðið pólitískur ágreiningur um afgreiðslu mála; hvort sem við erum að afgreiða styrki til framfaramála, velja verkefni til íbúakosninga eða ræða breytingar á starfsemi einstakra stofnana.

Náttúran sem umlykur okkur í hverfinu er að springa út - og við ættum að leyfa okkur að gera það líka.

Sjáumst í sundi – eða bara þar sem við hittumst.

Kær kveðja, Björk.

Heilsulindir í Reykjavík

Skelltu þér í
SUNN
um páskana

Lykill
af góðri
heilsu

Afgreiðslutími

| | Skírdagur 17. apríl | Föstud. langi 18. apríl | Laugardagur 19. apríl | Páskadagur 20. apríl | Annar í Páskum 21. apríl | Sumard. fyrsti 24. apríl |
|-----------------|------------------------|----------------------------|--------------------------|-------------------------|-----------------------------|-----------------------------|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 9-18 | kl. 10-18 | kl. 9-18 | kl. 10-18 | kl. 9-18 | kl. 9-18 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 9-18 | Lokað | kl. 9-18 | Lokað | kl. 9-18 | kl. 9-18 |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 9-18 | Lokað | kl. 9-18 | Lokað | kl. 9-18 | kl. 9-18 |
| KLÉBERGSLAUG | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-15 | Lokað | kl. 11-15 | kl. 11-15 |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 | kl. 8-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | Lokað | kl. 8-16 | Lokað | kl. 10-18 | kl. 10-18 |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 9-18 | kl. 10-18 | kl. 9-18 | kl. 10-18 | kl. 9-18 | kl. 9-18 |

HÁRLAUSNIR
Hársnyrtistofa
Háteigunvegi 2 - 105 Reykjavík

Herraklipping
kr. 3.450.-

Tímarauntanir í sími 552 1345

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknisstrákar í Hæfileikamótun KSÍ



Efnilegir Leiknisstrákar.

Knattspyrnusamband Íslands hefur á þessu ári staðið fyrir æfingum fyrir efnilegustu leikmenn 4. flokks karla á Íslands. Æfingunum er skipt eftir landshlutum og æfa strákarnir undir stjórn yngri landsliðsþjálfara Íslands.

Leiknismenn eiga fimm fulltrúa sem tóku þátt í æfingunum. Vuk Oskar Dimitrijevic, Beniamin Hoti, Sævar Atli Magnússon, Ísak Richards og Daníel Finns

Matthíasson voru allir valdir til æfinganna sem fóru fram í vikunni. Strákarnir stóðu sig með þryði en allir leika þeir með 4.flokki Leiknis. Þess má geta að 4.flokkur Leiknis hafa staðið sig vel á tímabilinu og eru komnir í úrslitakeppni Reykjavíkurmótsins. Óskum strákunum til hamingju með þennan áfanga og bindum vonir við að þeir haldi áfram að æfa vel.

Leiknir mætir Grindavík í fyrsta leik

Meistaraflokkur Leiknis mun sem fyrr leika í 1. deild karla í sumar. Leiknisliðið endaði í 7. sæti á síðasta tímabili en liðið leikur nú sitt níunda tímabil í 1. deild.

Davíð Snorri Jónasson og Freyr Alexandersson tóku við þjálfun Leiknisliðsins fyrir síðasta tímabil og halda enn um stjórnartamana þetta tímabilið. Nokkrar breytingar hafa orðið leikmannahópi liðsins. Edvard Börkur Edvarðsson kom frá Tindastóli, Eiríkur Ingi Magnússon kom frá KF, Arnar Freyr Ólafsson kom að lán frá Fjölni og Matt Horth kom frá Bandaríkjunum. Ásamt þessum leikmönnum hafa ungir leikmenn komið upp úr yngra starfi félagsins og æft með liðinu í vetur.

Leiknisliðið er að leggja loka hönd á undirbúning fyrir tímabilið en liðið heldur til Spánar 22. apríl og mun æfa í viku. 1. deildin mun hefjast laugardaginn 10. maí þar sem okkar strákar verða í eldflunni. Fyrsti leikurinn verður



Meistaraflokkur Leiknis.

ur leikinn á Leiknisvelli og eru mótherjarnir Grindavík.

Nánar má fylgjast með liðinu á www.leiknir.com en ljóst er að sem fyrr er spennandi knatt-

spyrnusumar fyrir höndum. Hvetjum alla Breiðhyltinga til að mæta og styðja Leikni í sumar.

8. flokkur Leiknis í heimsókn til HK

Leiknisstrákarnir í 8. flokki léku á dögunum vináttuleiki gegn HK í Kórnum. Leiknisstrákarnir voru einstaklega fallegir á velli og hreinlega ótrúlegt að sjá taktana á yngstu Leikniskrökkunum.

8. flokkur hefur gengið vel í vetur og hefur aldrei verið æft jafnt stíft einsog í ár. Tvær æfingar eru á viku hjá flokknum, miðvikudaga og laugardaga. 8.flokkur er ætlaður börnum á leikskólaaldri. Frítt er að æfa einsog alltaf hefur verið og þátttakan verið fín í vetur.



Áttundi flokkur Leiknis.

Ungir Leiknismenn fá eldskírni í KB

Knattspyrnufélag Breiðholts, KB, er varalið Leiknis og leikur í 4. deild. KB var stofnað 17. janúar árið 2007 af Þórði Einarssyni framkvæmdastjóra KB og Elvari Geir Magnússyni Leiknismanni. Markmið KB er tvíþætt.

Annars vegar að gefa þeim Leiknismönnum sem ekki geta vegna mismunandi ástæðna æft með meistaraflokki Leiknis tækifæri á að leika knattspyrnu áfram innan Leiknis. Hins vegar að gefa ungum leikmönnum í 2. flokki Leiknis tækifæri á að spila í meistaraflokki og undirbúa þá betur fyrir meistaraflokk

Leiknis.

Alls eru 5 leikmenn úr 2. flokki Leiknis sem munu leika með KB ásamt 2. flokki Leiknis í sumar. Það eru þeir Hlynur Helgi Arngrímsson, Hörður Haldórsson, Eyþór Guðmundsson, Kamil Piekarski og Árni Elvar Arnason. Allt eru þetta efnilegir leikmenn í 2.flokki Leiknis og verður gaman að fylgjast með þeim í leikjum KB í sumar.

KB undirbýr sig nú að krafti fyrir tímabilið en liðið leikur í B-riðli 4. deildar í sumar og verður fyrsti leikur liðsins miðvikudaginn 21. maí á Leiknisvelli gegn Mídas.

www.leiknir.com

Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagþjónusta ofl.

Ræsting og Ráðgjöf ehf

Alhliða hreingerningarpjónusta
S. 519 7500 • 770 4630

www.clean.is

PÁSKAEGGJALEIT

Í Elliðaárdalnum laugardaginn 19. apríl kl. 13.00
við gömlu Rafveitustöðina

Krakkar, mömmur, ömmur, þabbar og afar!

Sjálfstæðisfélögin í Breiðholti og Árbæ efna til páskaeggjaleitar
í Elliðaárdalnum 19. apríl kl. 13:00

Júlíus Vífill Ingvarsson stýrir páskaeggjaleitinni
og tekur lagið með krökkunum

Leitað verður að fagurlega skreyttum eggjum og börnin fá súkkulaðiegg

Keppt verður í húlakeppni

Munið að taka með körfur eða poka undir eggin

Hittumst hress

Allir velkomnir

Stjórnir sjálfstæðisfélaganna í Árbæjarhverfi og Breiðholti



Nýr formaður tekur við góðu búi hjá ÍR

Aðalfundur Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) var haldinn miðvikudaginn 9. apríl s.l. Á fundinum kom fram að árið 2013 hefði verið eitt allra besta ár í sögu félagsins ef litíð er til fjölda iðkenda, árangurs íþróttafólks félagsins og reksturs félagsins.

ÍR er eitt af fimm stærstu íþróttafélögum landsins og virkir iðkendur félagsins voru rúmlega 2000 á s.l. ári og er ÍR þar með í hópi fimm stærstu íþróttafélaga landsins. Frjálsíþróttadeild, knattspyrnudeild og handknattleiksdeild hafa innan sinna raða mestan fjölda iðkenda af deildum félagsins.

Frábær árangur ÍR-inga á íþróttasviðinu

Íþróttafólk ÍR sóti fram á lands- og alþjóðamælikvarða í fjölda íþróttagreina. Meistaraflokkur karla í handbolta vann bikar-meistartitil HSÍ, frjálsíþróttlið félagsins sigraði í Bikarkeppni FRÍ 1. deild fimmta árið í röð, meistaraflokkur karla í knattspyrnu var hársbreidd frá því að fara upp um deild og keilarar félagsins urðu Íslands- og bikrameistarar í liðakeppni. Helga María Vilhjálmssdóttir skíðakona vara valin til keppni á Ólympíuleikunum í Sochy og Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona vann



það ótrúlega afrek að verða heimsmeistari ungmenna og Evrópumeistari unglunga í 800m hlaupi.

Fyrirmyndarrekstur hjá ÍR og skuldir lækka

Umfang íþróttastarfseminnar hjá ÍR er mikið og mikla fjármuni og sjálfbæðiðastarf þarf til að bjóða upp á þau gæði og fjölbreytni sem einkennir starf félagsins. Fullyrða má að fjárhagslegur rekstur aðalstjórnar ÍR og deildanna sé með eindæmum traustur. Rekstur aðalstjórnar skilað hagnaði og fimm af nýju deildum félagsins skila einnig hagnaði, frjálsíþróttadeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, TaeKwonDo deild og júdódeild. Þegar rekstur aðalstjórnar og allra deilda er lagður saman er veltan 315 milljónir og hagnaður af rekstri um 2,5 milljónir. Skuldir félagsins í heild eru 18 milljónir og eru með því allra lægstu sem þekkt hér á landi sé miðað

við íþróttafélög af sambærilegri stærð. Frjálsíþróttadeild, skíðadeild, TaeKwonDo deild, dansdeild og júdódeild eru skuldlausar með öllu. Knattspyrnudeild skilaði hagnaði á s.l. ári og skuldir lækkuðu verulega frá árinu 2012.

Bjarki Þór Sveinsson kjörinn nýr formaður ÍR

Hjálmar Sigurþórsson sem leitt hafði félagið undanfarin þrjú ár sem formaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og var Bjarki Þór Sveinsson kosinn nýr formaður í hans stað. Bjarki Þór hefur starfað um árabíl fyrir handknattleiksdeild félagsins og gegndi auk þess varaformanns-embætti í fráfaramandi aðalstjórn. Með Bjarka í stjórn voru kosnir Þórarinn Már Þorbjörnsson, Sigurður Albert Ármannsson, Ingigerður H. Guðmundsdóttir og Reynir Leví Guðmundsson en í varastjórn Sigurður G. Kristinsson og Guðrún Brynjólfssdóttir.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Hilmar Örn með nýtt Íslansmet

Hilmar Örn Jónsson hefur sett nýtt Íslansmet í sleggjukasti. Kastafrek þessa 18 ára ÍR-ings halda áfram en Hilmar hefur sýnt og sannað að hann er eitt mesta kastaraefni sem Ísland hefur átt.

Hilmar setti nú í byrjun apríl enn eitt Íslansmetið í sleggjukasti en nú með 7.26 kg sleggjunni sem er sú þyngd sem karlar í fullorðinsflokki kasta. Kastsería Hilmars var stórglæsileg, öll köstin gild og stigvaxandi lenging á köstum upp í metkast-ið eins og eftirfarandi tölur sýna en öll köstin voru yfir gamla metinu. 61,46m – 63,51m – 62,70m – 63,74m – 65,00m – 67,34m. Með árangri sínum náði Hilmar Örn lágmarki á heimsmeistaramót 19 ára sem fram fer í Oregon í Bandaríkjunum í júlí. Þar er keppt með 6 kg sleggju þó svo að hægt sé að ná lágmarki með þyngra áhaldi eins og Hilmar gerði. Árangur Hilmars er jafn-



Hilmar Örn Jónsson.

framt íslenskt unglíngamet í flokki 18-19 ára. Aðeins Íslansmethafinn Bergur Ingi Pétursson FH hefur kastað karlasleggjunni lengra. Hilmar Örn keppti einnig í lóðkasti með 15 kg lóði og bætti sig töluvert þar. Kastaði lengst 19,44 m. Sá árangur er einnig unglíngamet í flokki 18-19 ára og 20-22 ára, og setur hann í 3. sæti á afreka-lista Íslands.

Víðavangshlaupið á sumardaginn fyrsta

Víðavangshlaup ÍR verður á sumardaginn fyrsta 24. apríl en þetta er í 99. skiptið sem hlaupið fer fram. Hlaupið var fyrst haldið árið 1916 og þá að enskri fyrirmynd, en síðan þá hefur það verið árviss viðburður og á sinn hátt nauðsynlegur hluti af hátíðarhöldum Reykjavíkur.

Hlaupið er með fyrstu hlaupum vorsins og fastur liður í undirbúningi margra fyrir komandi keppn-

istímabil. Í fyrra hlupu 330 hlauparar á öllum aldri þessa 5 km leið í kringum Tjörnina en sá elsti var 86 ára gamall. Eins og sjá má á aldri hlaupsins er það einn af elstu íþróttaviðburðum Íslandssögunnar og til gamans má geta þessa að skipuð hefur verið nefnd til að undirbúa 100 ára afmæli hlaupsins á næsta ári. Hlaupið í ár hefst kl. 12 og er skráning á www.hlaup.is

Sumarnámskeið ÍR fyrir börn og unglíng

Eins og undanfarin ár stendur ÍR fyrir fjölbættu námskeiðahaldi í hverfinu í sumar. Meðal þess sem verður í boði er eftirtalið:

Heildsdagsnámskeið:

Íþrótt- og leikjannámskeið fyrir 5-10 ára.

Hálfsdagsnámskeið:

Fjörkálfar, fjölbreytt íþróttanámskeið fyrir 5-9 ára, fyrir hádegi

Frjálsíþróttaskóli fyrir 10-14 ára á ÍR-svæðinu, byrjendur fyrir hádegi, lengra komnir eftir hádegi.

Knattspyrnuskóli fyrir 10-14 ára á ÍR-svæðinu, eftir hádegi.

Handboltaskóli fyrir 10-16 ára í Austurbergi.

Körfuboltaskóli fyrir 10-14 ára í Seljaskóla.

Nánari upplýsingar á www.ir.is og hjá starfsfólki ÍR í síma 587-7080

Upplýsingavefur ÍTR um framboð á sumarnámskeiðum í borginni opnar 28. apríl: www.itr.is

Skráning hefst 1. maí á: www.ir.is

20% afsláttur af nýjum ÍR - Jako vörum til mánaðarmóta!



Leiksport
Sími 5575020 Hólagarði

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

SKAUTA HÖLLIN
REYKJAVÍK

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

FRÁBÆRT VERÐ

Í Iceland færðu allt sem þú þarft fyrir páskaheitiðina



398 kr. stk.

CHICAGO TOWN PIZZUR



1098 kr. kg.

LAMBALÆRI FJALLALAMB



398 kr. pk.

MAGNUM CLASSIC 3 STK.



998 kr. pk.

COCA COLA 12x33 CL



298 kr. pk.

STJÖRNUSNAKK 170 G



198 kr. stk.

ROCKSTAR ORKUDRYKKUR 500 ML



50% afsláttur

Á NAMMIBAR LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

OPNUNARTÍMI UM PÁSKA



998

Coca Cola 4x2 l



1698 kr. kg.

Lambahryggur Fjallalamb

SKÍRDAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.

FÖSTUDAGURINN LANGI: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi. Opnum á miðnætti í Engihjalla.

LAUGARDAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.

PÁSKADAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi. Opnum á miðnætti í Engihjalla.

ANNAR Í PÁSKUM: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ENGIHJALLA OG VESTURBERGI

Iceland